

svo sem þeir halda fram sér til varnar, riftu kaupunum, áður en áfrýjandi byrjaði þetta mál.

Af framangreindum ástæðum ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda og með því að yfirdómurinn felst einnig á ákvæði gestaréttardómsins um málskostað, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda og ákveðst hann 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi, hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, greiði stefndu, Jóni Markússyni og Þorláki Einarssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Kristján Jónsson.

Ar 1914, mánudaginn 30. nóv., var í landsyfirdóminum í

málinu 33/1914

Guðmundsson & Ellis

gegn

Jóni Jónatanssyni

fyrir hönd

Kaupfélagsins »Ingólfur».

kveðinn upp svofeldur

## Dómur:

Jón Jónatansson, alþingismaður á Ásgautsstöðum höfðaði þetta mál fyrir hönd kaupfélagsins »Ingólfur« á Stokkseyri fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn Andrésí Guðmundssyni kaupmanni fyrir hönd firmans Guðmundsson & Ellis, en af hálfu firmans var þá hafin gagnsök á hendur kaupfélaginu. Í aðalsökinni var þess krafist, að firmað yrði dæmt til að greiða kaupfélaginu eftirstöðvar af andvirði fyrir saltfisk, er það hafði keypt af kaupfélaginu, kr. 2007.22, með vöxtum og kostnaði, en í gagnsökinni voru þær kröfur gerðar, að ýmsar mótkröfur firmans yrðu teknar til greina og dregnar frá aðalkröfunni, þannig að firmanu yrði að eins gert að skyldu að greiða kaupfélaginu kr. 509.12 og að firmanu væri dæmdur málskostnaður. Gekk dómur í málinu í nefndum rétti 28. jan. þ. á. og var firmað Guðmundsson & Ellis dæmt til að greiða kaupfélaginu »Ingólfur« kr. 1970.70 með 6% ársvöxtum frá 5. sept. 1913 til borgunardags. Í gagnsökinni var kaupfélagið sýknað og málskostnaður í aðalsök og gagnsök látinn falla niður.

Dómi þessum hefir nefnt firma skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 1. júlí þ. á. og gert fyrir yfirdóminum sömu kröfur og fyrir gestaréttinum, svo og krafist málskostnaðar þar, en af hálfu kaupfélagsins, er þess krafist, að dómurinn verði staðfestur að öllu leyti og félaginu dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Um fiskkaup þau, sem mál þetta er risið af, fóru 2 bréf milli málsaðila dags. í Reykjavík 3. júní f. á. og voru eigi aðrir samningar gerðir um kaupin. Var bréf áfryjanda til stefnda fyrritað, en bréf stefnda síðar sem svar við hinu eða staðfest-



ing á því. Bréfin voru að mestu leyti samhljóða, en í síðara bréfinu þó í nokkrum atriðum vikið frá hinu fyrra, og með því að áfrýjandi virðist eigi hafa haft neitt að athuga við þær breytingar, verður að ætla, að kaupin hafi gerst samkvæmt ákvæðunum í bréfi stefnda. En þau voru í aðalatriðunum á þá leið, að stefndi seldi áfrýjanda c. 400 skip pund af fullverkuðum stórfiski, »röguðum af hinum opinberu fiskimatsmönnum á Stokkseyri, Spánarvöru«, nr. 1 á 80 kr. skp. og nr. 2 á 74 kr. skp., kostnaðarlaust á skip (fob) á Stokkseyri og Þorlákshöfn, »gegn borgun út í hönd við afskipun í þessum mánuði og móti hleðslu- vigtar- og rögunarskirteinum;« kærnist fiskurinn eigi í skip fyrir 30. júní, skyldi hann »veginn upp og ragaður og útborgaður gegn rögunar- og vigtarseðli«, en síðan geymdur af seljanda, en á ábyrgð og áhættu kaupanda, gegn vöruhúsleigu og brunabótagjaldi, 10 au. á skp. fyrir hvern  $\frac{1}{2}$  mánuð, talið frá 30. júní 1913. Af andvirði fiskjarins skyldu kr. 10000.00 greiddar fyrirfram, og þessa upphæð greiddi áfrýjandi stefnda 6. júní.

Hinn umsamda fisk lét stefndi af hendi í tvennu lagi, fyrri hlutann 10. júlí, eftir því sem ráða má af matsvottorði fiskimatsmannanna á Stokkseyri, dags. þann dag. Voru samkvæmt því c. 151 skp. af þeim fiski nr. 1 og seldi áfrýjandi hann til Kaupmannahafnar, en kaupandi þar taldi fiskinn eigi vera 1. flokks vöru og fékk menn kvadda til að meta hann, og komust þeir að sömu niðurstöðu. Varð það úr, að áfrýjandi greiddi kaupanda bætur eða uppbót 2 kr. fyrir hvert skp. kr. 302.00; svo greiddi hann og matskostnaðinn kr. 43.00 samtals kr. 345.00 og ennfremur kr. 88.50 fyrir símskeyti vegna þessarar sölu. Síðari hluti hins selda fiskjar var afgreiddur 9. ág.

s. á. og var að mati sömu fiskimatsmanna, dags. þann dag, 75 skp. 18 p. nr. 1 og 70 skp. 180 p. nr. 2 og og hefir stefndi sankvæmt samningnum reiknað sér fyrir þennan fisk kr. 11232.47. Fisk þennan sendi áfrýjandi til Reykjavíkur, og lét meta hann aftur af matsmönnum þar. Varð mat þeirra á þá leið, að 49 skp. 137 p. af fiskinum væri nr. 1, 67 skp. 208 p. nr. 2, 21 skp. 215 p., nr 3 og 6 skp. 188 p. linþur, er eigi var metinn. Eftir þessu mati telur áfrýjandi verð fiskjarins, og reiknar nr. 1 og nr. 2 sankvæmt samningnum á 80 kr. og 74 kr., nr. 3 á 54 kr. og linþuran fisk á 67 kr. skp. Andvirði þessa fiskjar telur hann því kr. 10571.65 eða kr. 660.82 minna en stefndi. Fyrir matið í Reykjavík og geymslu á fiskinum þar greiddi áfrýjandi kr. 197.06.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi eigi að endurgjalda sér kostnað þann og tjón, er hann hafi beðið fyrir það, að hinn seldi fiskur hafi eigi verið samningshæfur, og eigi því frá kröfu hans að dragast framantaldar upphæðir, kr. 345.00 + kr. 88.50 + kr. 660.82 + kr. 197.06, alls kr. 1291.38; svo beri og að draga frá toll af fiskinum kr. 120.20, vexti kr. 50.00 af fyrirframgreiddum kr. 10000.00 og vöruhúsleigu á Stokkseyri kr. 36.52, sem afryjanda beri eigi að greiða eftir samningunum. Krafa stefnda kr. 2007.22 eigi því að færast niður um samtals kr. 1498.10 og sé rétt talin að eins kr. 509.12.

Fiskurinn skyldi, eins og áður er sagt, metinn af opinberum fiskimatsmönnum á Stokkseyri, og má telja þetta vafalaust samningsatriði. Áfrýjandi telur þó mat þessara manna á fiskinum ólöglegt og mótmælir því, en að þeim mótmælum eru eigi leidd næg rök. Í bréfi



Áfrýjanda 3. júní f. á. til stefnda, var að vísu tilskilið að fiskurinn skyldi metinn af opinberum fiskiratsmönnum »tilkvöddum af stjórnarráði Íslands«, en á þessu var breyting og leiðrétting gerð í bréfi stefnda sama dag, enda var það sýnilegur misskilningur, þar sem stjórnarráðið fæst eigi við að tilnefna fiskimatsmenn, en það ber undir lögreglustjóra, sbr. lög nr. 21, 9. júlí 1909, og það er upplýst að menn þeir, sem framkvæmdu matið, voru löggiltir fiskimatsmenn af sýslumanninum í Árnessýslu. En þó að fiskimatsmenn á Stokkseyri hefðu verið bærir um að meta fiskinn, telur áfrýjandi matsgerð þeirra ranga og skírskotar í því efni til fyrnefndra matsgerða á fiskinum, er fram fór í Kaupmannahöfn og Reykjavík. En það verður eigi séð, að Stokkseyrarmatinu sé hnekt, með þessum matsgerðum, sem stefndi hefir mótmælt. Kaupmannahafnarmatið hefir eigi verið staðfest í rétti, og getur þegar af þeirri ástæðu eigi komið til álita. Og þó að Reykjavíkurmatið væri geit af lögskipuðum matsmönnum, brestur alla heimild til að eigna því meira gildi eða telja það réttara en Stokkseyrarmatið. Hið síðarnefnda mat er þannig óhrakið, og þar sem það eftir samningum átti að ráða um flokkun fiskjarins eftir gæðum og hið umsamda verð átti að miðast við þá flokkun, verður eigi litið svo á, að áfrýjandi eigi neina kröfu á hendur stefnda fyrir það, að fiskurinn hafi eigi verið samningshæfur, og verður því að fella niður allar kröfur hans, er styðjast við þá málsástæðu, en það eru kröfurnar, sem taldar eru hér að framan, samtals kr. 1291,3ð.

Það var umsamið, að stefndi seldi fiskinn fob á Stokkseyri eða í Þorlákshöfn, þ. e. afgreiddi hann á skipsfjöl á þessum stöðum kaupanda kostnaðarlaust. Af þessu

vill áfrýjandi leiða, að stefndi hafi átt að greiða útflutningsgjald (toll) af fiskinum, sem nam kr. 120.20. En það verður þó eigi álitid rétt, að telja þetta gjald til þess kostnaðar, er stefndi átti að bera samkvæmt téðu skilorði og með því að eigi var sérstaklega um það samið, verður þessi krafa eigi talin réttmæt og því eigi tekin til greina. Sama er um kröfu áfrýjanda um vexti, kr. 50.00 af fyrirframgreiddum kr. 10000.00, að um þá hefir eigi verið samið, og virðist áfrýjanda því bresta heimild til að krefjast þeirra.

Það er áður sagt, að áfrýjandi átti að taka á móti fiskinum í júnímánuði, en brigðist það, átti stefndi að láta vega og meta fiskinn og geyma hann á kostnað áfrýjanda, og áhættu. Það virðist eiga að skilja þetta svo, að geymslan á kostnað áfrýjanda hafi eigi átt að byrja fyrir en fiskurinn var veginn og metinn, en það er eigi sannað gegn mótmælum áfrýjanda að þetta hafi verið gert fyrir en 8. eða 9. ágúst eða þá daga, sem fiskurinn var fluttur á skip. Upphæðina kr. 36.52 sem stefndi hefir reiknað sér fyrir geymslu á fiskinum frá 30. júní til 9. ágúst f. á., virðist áfrýjanda því eigi skylt að greiða, og verður að draga hana frá kröfu stefnda, en mismuninn kr. 1970.70 ber samkvæmt framansögðu að dæma áfrýjanda til að greiða honum, eins og undirdómarinn hefir gert, með vöxtum eins og segir í gestaréttardómnum. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði dómsins ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Það þykir, eftir þessum úrslitum, rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 krónur.



Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandi, firmað Guðmundsson & Ellis, greiði Jóni Jónatanssyni fyrir hönd kaupfélagsins »Ingólfur» 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Ár 1914 mánudaginn 30. nóv. var í landsyfirdóminum í málinu 42/1914

Firmað Guðmundsson & Ellis  
 gegn  
 Hallgrími Benediktssyni

uppkveðinn svofeldur

Dómur:

Í júlímánuði f. á. gerðu aðilar þessa máls, áfrýjendur firmað Guðmundsson & Ellis og stefndi Hallgrímur Benediktsson umboðssali samning um kaup á hvíttri vorull; voru samningsatriðin ákveðin og staðfest í bréfi stefnda til áfrýjanda dagsett 24. s. m., sem hér segir: »Stefndi selur áfrýjendum 50—60 balla af prima, vestfirzki hvíttri, þveginni vorull frá Búðardal á kr. 1.82 pr. kíló, nettó fob Búðardal. Ballar eru innifaldir í verðinu. Ullin sé vegin upp og metin af þar til kvöddum óvilhöllum mönnum, er sýslumaður útnefnir og skulu þeir gefa vottorð um gæði og vigt ullarinnar. Greiðsla fer fram í